

Viðauki B



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Niðurstöður úr samráði PFS um frumdrög að greiningu
á heildsöllumarkaði fyrir aðgang og upphaf
símtala í almennum farsímanetum
(Markaður 15)**

30. mars 2012

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
2	ALMENNAR ATHUGASEMDIR	3
3	SKILGREINING Á VIÐKOMANDI ÞJÓNUSTUMARKAÐI	4
4	ÞRIGGJA SKILYRÐA PRÓFIÐ	6
4.1	AÐGANGSHINDRANIR	6
4.2	ÞRÓUN Í ÁTT AÐ VIRKRI SAMKEPPNI	7
5	AFLÉTTING KVAÐA	19

1 Inngangur

Í þessu skjali er að finna samantekt þeirra svara og athugasemda sem bárust vegna samráðs Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um frumdrög greiningar stofnunarinnar á heildsölumarkaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (markaður 15). Frumdrögin voru lögð fyrir hagsmunaaðila til samráðs með bréfi, dags. 30. ágúst 2011 og birt á heimasíðu PFS á sama tíma.

Eftirfarandi aðilar sendu inn athugasemdir við frumdrögin:

- Fjarskipti ehf. (Vodafone)
- IP-fjarskipti ehf. (Tal)
- Nova ehf.
- Samkeppniseftirlitið
- Símafélagið ehf.
- Síminn hf.

Athugasemdirnar eru flokkaðar saman eftir efni, köflum og málsgreinum. Leitast hefur verið við að greina allar þær athugasemdir sem skiptu máli og svara þeim. Í lok umfjöllunar um hverja athugasemd er stutt samantekt á afstöðu PFS og afgreiðslu.

2 Almennar athugasemdir

Samkeppniseftirlitið beinir athugun sinni eingöngu að skilgreiningu á viðkomandi þjónustu- og vörumarkaði og landfræðilegum markaði og þeim þáttum sem ætla má að hafi áhrif við mat á markaðsstyrk fyrirtækja á einstaka markaði. Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við þá þætti dragana sem það tók til skoðunar og telur að greiningin að þessu leyti sé vel unnin og þjóni markmiðum sínum. Samkeppniseftirlitið tekur fram að lokum að eðli málsins samkvæmt þá sé það ekki bundið af þeirri aðferðafræði og þeim ályktunum sem koma fram í drögum PFS, við meðferð þess á málum sem varða umrædda markaði í framtíðinni.

Afstaða PFS

Athugasemdir Samkeppniseftirlitsins styðja niðurstöður PFS varðandi þau atriði sem fjallað er um í athugasemdunum. Þær gefa því ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar hér.

Símafélagið telur að PFS hafi ekki reist mat sitt á aðstæðum á heildsölumarkaði fyrir farsímaþjónustu á réttum lagagrundvelli. Símafélagið gerir athugasemdir við það að PFS byggi á leiðbeiningum og tilmælum ESA og skýrslum ERG um kvaðir og framkvæmd þriggja skilyrða prófsins. Símafélagið bendir á tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar og telur PFS ekki geta byggt niðurstöðu sína í málinu á öðrum réttarheimildum en þeim sem teljast til íslensks réttar.

Afstaða PFS

PFS bendir á að í kafla 1.2. í greiningunni er gerð grein fyrir þeim innlendu réttarheimildum sem aðallega er byggt á. Það eru lög um fjarskipti nr. 81/2003, einkum V. kafla og reglugerð um framkvæmd markaðsgreininga á sviði fjarskipta nr. 741/2009. Í 16. og 17. gr. laganna kemur fram að skilgreining markaða og markaðsgreining eiga að vera framkvæmd með hliðsjón af skuldbindingum skv. EES samningnum. Í greinargerð með frumvarpi til þessara laga er gerð grein fyrir því hvaða tilmæli og leiðbeiningar það eru sem helst þarf að taka mið af. Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. er ráðherra heimilt að setja reglugerð um nánari sundurliðun markaða skv. 16. gr., um greiningu á stöðu markaða og um mælikvarða sem nota skal við mat á því hvort fyrirtæki, eitt eða fleiri saman, hafi umtalsverðan markaðsstyrk. Ráðherra hefur sett reglugerð um þetta efni sem byggir m.a. á leiðbeiningum og tilmælum ESA.

Í 4. gr. reglugerðarinnar er fjallað um þá markaði sem PFS á að taka til greiningar og hvaða skilyrði þarf að kanna ef markaðir eru ekki í tilmælum ESA og þar með ekki í viðauka með reglugerðinni. PFS er falið það hlutverk að meta hvort þessi skilyrði séu fyrir handi. Hvað varðar nánari útfærslu á því hvernig það er metið er eðlilegt og sjálfsagt að PFS taki mið af þeim leiðbeiningum sem samtök fjarskiptaeftirlitsstofnana á EES svæðinu (áður ERG, nú BEREC) hafa sett saman þar sem tekið er mið af þeirri reynslu sem fengist hefur í fjölmörgum hliðstæðum greiningum sem gerðar hafa verið á EES svæðinu á undanförunum árum. PFS bendir á að innlendir lagarammi sem Samkeppniseftirlitið vinnur eftir er síst viðameiri en sá sem PFS vinnur eftir hvað varðar aðferðafræði við greiningar á mörkuðum. Samkeppniseftirlitið tekur iðulega mið af EES rétti við greiningar á mörkuðum og er PFS ekki kunnugt um að dómstólar hafi fundið að þeirri framkvæmd.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum hafnar PFS því að greining á umræddum markaði hafi ekki fulla stoð í lögum. Vegna athugasemda Símafélagsins mun PFS þó geta um viðeigandi ákvæði laga um fjarskipti og reglugerðar um markaðsgreiningu á fleiri stöðum í greiningunni eftir því sem við á.

3 Skilgreining á viðkomandi þjónustumarkaði

Síminn telur PFS leggja of mikla áherslu á að skoða smásölumarkað fyrir farsímaþjónustu. Sá markaður sem er til greiningar er heildsölumarkaður og því gefi aðferðafræði PFS ekki rétta mynd af stöðunni. Síminn telur PFS ekki hafa beitt sérstökum hagfræðilegum greiningum til þess að afmarka þann markað sem er til skoðunar. Síminn telur erfitt að sjá á hvaða gögnum PFS byggir skilgreiningu sína á markaðnum. Skoða þurfi markaðinn út frá eftirspurn á heildsölustigi en ekki smásölustigi. Þessi umfjöllun Símans gengur fyrst og fremst út á andmæli við því að PFS kaus að undanskilja gagnaflutningsáskriftir með netlykli. Síminn hafnar því að gagnaflutningur um netlykil tilheyri sama markaði og xDSL og fjallar um það í löngu máli sem ekki verður rakið frekar hér.

Afstaða PFS

PFS fjallar um markaðinn út frá eðli hans sem heildsölumarkaður eins og hægt er. Óhjákvæmilegt er að hafa hliðsjón af smásölumarkaði að nokkru leyti. Þó að PFS telji

gagnaflutning með 3G lykli ekki tilheyra þeim heildsölumarkaði sem verið er að greina er því hvergi slegið föstu að þjónustan tilheyri sama markaði og xDSL þjónusta. PFS segir í greiningunni að þessari þjónustu sé ætlað að keppa við xDSL vegna þess að sum fyrirtæki auglýsa þjónustuna þannig. Þar með er því ekki slegið föstu að nægileg staðganga sé á milli þessara þjónustutegunda til þess að þær teljist til sama markaðar. Mat á því hvort svo sé á betur heima í greiningu á markaði fyrir breiðbandsaðgang (markaður 5 í tilmælum ESA frá 2008) og þess vegna verður ekki fjallað frekar um athugasemdir Símanns sem varða þetta atriði. Ástæða þess að PFS telur þjónustuna ekki tilheyra markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í farsímanetum er sú að á smásölumarkaði er þessi þjónusta ekki seld í sama pakka og sú þjónusta sem fjallað er um í greiningunni. Á heildsölustigi kaupa endursöluaðilar þessa þjónustu þó með annari þjónustu, en gætu í sjálfu sér keypt hana annars staðar frá eða sleppt því að bjóða þjónustuna. Umfang þessarar þjónustu er ekki slíkt að það myndi breyta niðurstöðu greiningarinnar þó hún væri talin tilheyra viðkomandi markaði.

Síminn telur að nú eigi að telja VoIP símtöl í farsíma sem hluta af markaðnum. Síminn telur gæði slíkra símtala viðunandi miðað við kostnað. WiFi net er ekki skilyrði fyrir því að hægt sé að nota þjónustuna enda dugi 3G tenging. Mikið úrval sé af smáforritum sem geri IP símtöl möguleg og sumir símar þurfa ekki sérstakan hugbúnað. Síminn segir fyrirnefnd smáforrit vera auðveld í notkun. Síminn lýsir síðan nokkrum notkunarmöguleikum IP tækni í farsíma. Síminn tekur fram að svokallaða snjallsíma þurfi til að nota þær þjónustutegundir sem Síminn lýsir í umsögn sinni.

Afstaða PFS

PFS stendur við þá niðurstöðu sína að telja IP símtöl ekki hluta af markaðnum. Eins og Síminn segir réttilega þá þarf í flestum tilfellum að sækja sérstakan hugbúnað til að nota þjónustuna og ekki er hægt að nota allar tegundir af símum í IP símtöl. PFS telur augljóst að ef stór hluti notenda myndi álíta þetta fullkomna staðgönguþjónustu þá myndi þess sjást veruleg merki á umferðar- og tekjutölum á farsíamarkaðnum, enda kosta IP símtöl aðeins brot af því sem hefðbundin símtöl kosta. Ekki er hægt að lesa slíka þróun út úr tölum sem PFS hefur safnað um markaðinn. PFS tekur jafnframt fram að það myndi ekki hafa áhrif á niðurstöðu greiningarinnar þó að þessi þjónusta væri talin tilheyra markaðnum.

4 Þriggja skilyrða prófið

4.1 Aðgangshindranir

Síminn heldur því fram að aðgangshindranir að markaðnum séu ofmetnar. Síminn bendir í því sambandi á árangur Nova og fyrirtækja á smásölustigi. Varðandi aðgengi að fjármagni telur Síminn að það sé jafn slæmt fyrir alla og bendir á að núverandi netrekendur þurfi á næstu árum að byggja upp 4G kerfi. Síminn mótmælir því að fyrirtækin sem fyrir eru á markaðnum séu búin að fjármagna uppbyggingu neta sinna, því að uppbygging 3G haldi áfram og næsta skref sé 4G. Síminn segir varðandi óafturkræfan kostnað að það sé ekkert því til fyrirstöðu að fyrirtæki geti selt búnað sem það hefur fjárfest í. Varðandi breiddarhagkvæmni hafnar Síminn því að fyrirtækið njóti sérstöðu vegna tengsla við Mílu. Síminn heldur því fram að aðgangshindranir af völdum opinberra aðila í formi gjalda og kvaða hafi mest áhrif.

Afstaða PFS

Flestir sem fjalla um greiningar á þessum markaði eru sannfærðir um að á honum ríki miklar og viðvarandi aðgangshindranir. Þetta kemur t.d. fram í skýringum með tilmælum framkvæmdastjórnar ESB um viðkomandi markaði og í greiningum eftirlitsstofnana á EES svæðinu hvort sem þær hafa viðhaldið kvöðum eða fellt þær niður. PFS telur aðstæður á Íslandi að engu frábrugðnar að þessu leyti. Frekar er um að ræða meiri aðgangshindranir á Íslandi vegna hins örsmáa markaðar. Það er augljóst að markaðurinn ber ekki fjárfestingar í mörgum farsímanetum. Öllum er kunnugt hvernig fór síðast þegar þrír netrekendur voru á markaðnum. Tal (eldra) og Íslandssími stóðu ekki undir öllum þeim fjárfestingum sem átt höfðu sér stað og urðu að sameinast. Innkoma Nova á markaðinn átti sér stað á tímabili sem þar sem óeðlilega mikið framboð var á fjármagni og ekki er líklegt að jafn greiðlega gengi að fjármagna farsímakerfi í dag. PFS telur ekki rétt að jafna saman uppfærslu á farsímakerfi úr 2G í 3G og uppbyggingu á nýju neti frá grunni.

PFS bendir á að óafturkræfur kostnaður fellst ekki aðeins í uppbyggingu á farsímaneti heldur einnig undirbúningi, hönnun og markaðssetningarkostnaði. Þar að auki er ólíklegt að hægt sé að fá viðunandi verð fyrir notaðan farsímabúnað.

Varðandi þann hag sem Síminn hefur af sambandinu við Mílu er það að segja að fyrirtækin tilheyra sömu samstæðu og eru því ein efnahagsleg eining. Fyrirtækin samnýta ýmsa stoðþjónustu og aðstöðu og hefur sú samnýting aukist með nýjustu skipulagsbreytingum innan samstæðunnar. Þegar grunnnet eru innan sömu samstæðu og þjónustuveitandi þá er möguleiki á að skipuleggja netuppbyggingu og skilmála á þann hátt sem hentar þjónustuveitandanum best án þess að augljóst ójafnræði sé í einstökum viðskiptum við ótengda þjónustuveitendur.

PFS telur augljóst að aðgangshindranir eru fyrir hendi á þessum markaði en hafnar því að þar vegi þyngst nauðsynleg gjaldtaka og eftirlitsaðgerðir hins opinbera.

4.2 Þróun í átt að virkri samkeppni

Vodafone telur að líta þurfi til þess að erfiðlega hafi gengið að fá fram viðmiðunartilboð frá Símanum í samræmi við kvaðir sem lagðar voru á árið 2007 og að heildsölusamningar Símans hafi síðan ekki verið í samræmi við viðmiðunartilboðin. Í því sambandi er vísað til kvörtunar Vodafone til PFS 2. febrúar 2011. Að mati Vodafone skortir þannig verulega á mat PFS á virkni kvaða sem lagðar voru á Símann. Vodafone getur þannig ekki fallist á að kvaðirnar hafi skapað samkeppnislega þrýsting á aðra netrekendur enda skortir verulega á að jafnræðis og gagnsæis hafi verið gætt. Vodafone telur misbresti á fylgni við kvaðir og að til þess þurfi að líta þegar lagt er mat á virka samkeppni á heildsölumarkaði. Vodafone telur PFS ekki freista þess að leggja mat á hvort þeir samningar sem gerðir hafi verið um aðgang að farsímanetum byggja á sanngjörnum skilmálum.

Afstaða PFS

PFS bendir vissulega á í greiningu sinni að það tók verulegan tíma að fá fram viðmiðunartilboð sem stofnunin gat samþykkt. Það er hins vegar mat PFS að sú töf sé ekki vísbending um þróun mála í framtíðinni. Það er ekki vaninn þegar PFS leggur á kvaðir að viðkomandi fyrirtæki leggi sig fram um að flýta framgangi þeirra, enda eru kvaðir oftast í óþökk þess fyrirtækis sem þær eru lagðar á. PFS telur það vera betri vísbendingu um þróun á markaðnum að síðan kvaðirnar voru lagðar á hafa verið gerðir allmargir samningar um aðgang og fleiri fyrirtæki en Síminn hafa boðið aðgang að neti sínu. Því er lýst í greiningunni hvaða samningar hafa verið gerðir á sl. árum. Tregða Símans til að birta viðmiðunartilboð er ekki sterk vísbending um hugsanlega hegðun Vodafone og Nova sem bæði hafa veitt aðgang að neti sínu eftir síðustu greiningu, án þess að á þeim hvíldu nokkrar kvaðir um slíkt. Þá hafa samningar Símans að sumu leyti gengið lengra en skylt var samkvæmt ákvörðun PFS árið 2007. Eins og fram kemur í greiningu PFS þá telur stofnunin að kvaðir á Símann hafi stuðlað að opnun heildsölumarkaðs fyrir farsímaþjónustu. Aðrar ástæður gætu hafa spilað þar inn í s.s. þörf Vodafone og Nova á samnýtingu neta og ásókn nýrra smásöluaðila í að koma inn á markaðinn.

Hvað varðar kvörtun Vodafone frá 2. febrúar 2011 þá varðar hún meint brot Símans gegn jafnræðiskvöð á markaði 7, með því að innheimta lægri lúkningargjöld hjá Tali og IMC en hjá Vodafone og Nova. Síminn lítur svo á að um sé að ræða innankerfissímtöl gagnvart Tali og IMC. PFS er með mál þetta til meðferðar, en niðurstaða þess mun væntanlega liggja fyrir í mars 2012. PFS telur að samningar um lúkningargjöld geti tæplega verið vísbending um hvernig samkeppni á sviði aðgangs komi til með að þróast í framtíðinni. Ekki verður séð hvernig mál þetta ætti að draga úr framboði á aðgangssamningum. Komist PFS að þeirri niðurstöðu að Síminn hafi brotið jafnræðiskvöð á markaði 7, og sé því óheimilt að mismuna aðilum varðandi lúkningargjöld, mun samkeppnisaðstaða netrekenda á markaði 15 þvert á móti batna til muna. Málið varðar aðeins hegðun Símans en mat PFS á markaði 15 varðar alla markaðsaðila og byggir á auknu framboði aðgangs hjá öllum netrekendum.

Vodafone bendir á að í 132. málsgrein¹ vísar PFS til þess að Vodafone og Síminn hafi tekist á um viðskipti Tals og að Vodafone hafi leitast við að fá Tal alfarið yfir til sín með því að gera samkomulag um samruna félaganna í maí 2011. Stofnuninni ætti þó að vera fullkunnugt um að það voru eigendur Tals sem höfðu frumkvæði að slíkum samruna og var samningur þess efnis undirritaður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitið hefur nú ógilt umræddan samruna og féllst þannig ekki á sjónarmið eigenda Tals varðandi fyrirtæki á fallandi fæti (e. failing firm) líkt og greint er frá í ákvörðun nr. 31/2011.

Afstaða PFS

Samkvæmt því sem kemur fram í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 31/2011 var sölutilboð lagt fram af hálfu eigenda Tals. Engin gögn sýna fram á hvort þetta tilboð var upphaf málsins eða hvort viðræður höfðu átt sér stað áður en það kom fram. Í öllu falli samþykkti Vodafone tilboðið strax daginn eftir að það kom fram. Því er ekki hægt að álykta á annan veg en að eigendur Vodafone hafi haft fullan áhuga á þessum viðskiptum og varla þurft að hugsa sig um áður en tilboðinu var tekið. PFS telur engan vafa leika á því að bæði Síminn og Vodafone hafi sóst eftir viðskiptum Tals á undanförunum árum. PFS hefur kynnt sér niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins og hefur gert viðeigandi breytingar á markaðsgreiningunni í samræmi við hana. Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hefur þó ekki áhrif á niðurstöðu PFS varðandi markað 15, enda breyttist samkeppnisstaðan á markaðinum ekki við hana eins og reyndin hefði orðið ef Samkeppniseftirlitið hefði samþykkt samrunann með eða án skilyrða. Ákvörðunin gefur engar vísbendingar í þá átt að Vodafone og Síminn muni ekki áfram veita heildsöluaðgang að netum sínum og hún girðir ekki fyrir að Vodafone leitist áfram við að fá viðskipti Tals á sitt net, án þess að félögin tengist í gegnum eignaraðild.

Vodafone gerir athugasemdir við það að PFS kanni aðeins 8 afmarkaða þætti við mat á því hvort virk samkeppni sé til staðar eða sé væntanleg. Ekki er metið hvort einn aðili á markaðnum sé í ráðandi stöðu líkt og mælt er til í leiðbeiningum ESA sem og framkvæmdarstjórnarinnar um framkvæmd markaðsgreiningar. Í 19. málsgrein leiðbeininganna segir að sé það mat stjórnsýslustofnunar, í þessu tilviki PFS, að virk samkeppni sé á markaði (eða væntanleg) felur það jafnframt í sér þá niðurstöðu að enginn einn aðili hafi ráðandi stöðu á umræddum markaði. Ekki verður séð að þeir afmörkuðu þættir sem til skoðunar eru nægi einir og sér til að ganga úr skugga um að ekkert þeirra fyrirtækja sem starfandi er á markaðnum sé í ráðandi stöðu.

Afstaða PFS

PFS leggur áherslu á að í kafla 4.4. í markaðsgreiningunni er verið að leggja mat á það hvort virk samkeppni geti þrífist á markaðnum á næstu árum. Ekki er um að ræða greiningu á því hvort eitthvert fyrirtæki hafi umtalsverðan markaðsstyrk á þessari stundu eins og tíðkast við greiningu á þeim mörkuðum sem eru í tilmælum ESA. Orðin „eða væntanleg“ er ekki að finna í tilvitnaðri 19. mgr. leiðbeininganna, enda á sú málsgrein við um mat á umtalsverðum markaðsstyrk en ekki þriggja skilyrða prófið. Leiðbeiningar ESA innihalda ekki nákvæma lýsingu á því hvernig eigi að

¹ Í frumdrögum að greiningu var númeraröð málsgreina ekki rétt. Eftir 49. mgr. byrjaði númeraröðin aftur á 1. Þetta hefur nú verið leiðrétt og í viðauka A er umrædd málsgrein númer 184.

framkvæma þriggja skilyrða prófið. Þess vegna studdist PFS einnig við leiðbeiningar ERG (nú BEREC) um þetta efni.² Í því skjali eru talin upp atriði sem talin eru gagnast við mat á því hvort markaður stefni í átt að virkri samkeppni.³ Þau atriði sem talin eru upp í skjali ERG eru eftirfarandi:

- Próun markaðshlutdeildar.
- Verðþróun og hegðun við verðlagningu.
- Yferráð yfir aðstöðu sem erfitt er að endurgera.
- Vöruaðgreining og samþætting þjónustu.
- Vaxtarhindranir.
- Möguleg samkeppni.

Að auki skoðaði PFS eftirfarandi atriði við þetta mat:

- Hegðun á markaði og hvati til samkeppni.
- Samþjöppun á markaði.

Það kemur fram í leiðbeiningum ERG að þegar um er að ræða markað sem var í fyrri tilmælum um viðkomandi markaði en ekki í núgildandi tilmælum dugar annað hvort þriggja skilyrða prófið eða mat á umtalsverðum markaðsstyrk ef niðurstaðan er sú að ekki skuli viðhalda kvöðum.⁴ Óþarft er að framkvæma greiningar á báðum þessum atriðum. Það kemur einnig fram í 22. tl. aðfaraorða tilmæla ESA um viðkomandi markaði að þriggja skilyrða prófið á að ráða því hvort til skoðunar komi að beita kvöðum á markaði sem ekki er í tilmælunum.

Vodafone telur mikilvægt að framkvæmt sé mat á því hvort fyrirtæki á markaðnum sé með markaðsráðandi stöðu í ljósi þess að Samkeppniseftirlitið komst nýverið að þeirri niðurstöðu að Síminn væri í reynd í markaðsráðandi stöðu. Í því tilviki var um að ræða markað með 3G netlykla og áskrift. Um afmarkaðan markað er að ræða í ákvörðuninni þar sem hlutdeild Símans er undir 50% en með tilliti til annarra þátta er staða fyrirtækisins samt sem áður metin svo sterk að það er talið í ráðandi stöðu. Í markaðsgreiningu PFS er hins vegar í engu vikið að efnahagslegum styrk Símans né öðrum þáttum sem nauðsynlegt er að kanna til að meta styrk einstaks fyrirtækis á skilgreindum markaði. Í engu er skyldra markaða getið né annað sem áhrif getur haft á stöðu fyrirtækja á afmörkuðum mörkuðum. Samkvæmt upplýsingum Samkeppniseftirlitisins bendi ekkert til þess að staða Símans/Mílu hafi breyst með þeim hætti að félagið hafi misst yferráð sín á markaðnum. Er þess sértaklega getið að innkoma Nova á markaðinn hafi ekki áhrif á þá markaðsstöðu sem Síminn hefur og segir orðrétt að „*með tilliti til þessa alls og mjög sterkar stöðu Símans og Mílu á heildarmarkaði fyrir fjarskiptaþjónustu og allra undirmarkaða þá er það mat Samkeppniseftirlitisins að líta beri á Símann í þessu máli sem markaðsráðandi fyrirtæki.*“ Rétt er að ítreka að í umræddu máli var hlutdeild fyrirtækjanna á þeim markaði sem var til skoðunar eftirfarandi: Nova 42%, Síminn 33% og Vodafone 25%.

² ERG Report on Guidance on the application of the three criteria test. ERG (08) 21 ERG Report on 3 criteria test final 080604.

³ Sjá bls. 3-4.

⁴ Sjá bls. 16.

Afstaða PFS

PFS bendir á að um er að ræða mat á því hvert markaðurinn stefnir í heild sinni en greiningin einskorðast ekki við stöðu Símans í dag. Vísað er til þess sem segir hér að ofan um skilin milli þriggja skilyrða prófsins og mats á umtalsverðum markaðsstyrk. Umfjöllun PFS um markaðshlutdeild og samhengi milli hennar og markaðsráðandi stöðu er í samræmi við fordæmi í samkeppnisrétti ESB þar sem löglíkur fyrir markaðsráðandi stöðu eru taldar vera fyrir hendi ef hlutdeild er yfir 50% og að venjulega telst eitt fyrirtæki ekki njóta yfirburðastöðu nema markaðshlutdeild þess sé meiri en 40%. Um þetta vísast til leiðbeininga ESA 76. mgr.

PFS telur sömu sjónarmið og lögð voru til grundavallar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins ekki eiga við að öllu leyti í greiningu á heildsölumarkaði fyrir aðgang að farsímanetum. Til dæmis er byggt á því að í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að Síminn hafi meiri getu og úthald heldur en aðrir markaðsaðilar til þess beita víðtækum almennum markaðsaðgerðum og tilheyrandi auglýsingum. Þetta sjónarmið á mun betur við á smásölumarkaði eins og var til skoðunar í þessari ákvörðun, heldur en á heildsölumarkaði sem er til skoðunar í greiningu PFS. Á heildsölumarkaði fyrir aðgang að farsímanetum er ekki um að ræða auglýsingastarfsemi, heldur verða samningar til í viðræðum milli tveggja fyrirtækja og geta ýmist verið að frumkvæði seljanda eða kaupanda. Á smásölumarkaði er einnig tilhneiging hjá notendum til þess að vilja kaupa alla þjónustu á sama stað og getur því styrkur á tengdum mörkuðum haft aukið vægi. Á heildsölumarkaði fyrir aðgang að farsímanetum á þetta ekki við. PFS telur því ekki hægt að líkja saman umræddum greiningum PFS annars vegar og Samkeppniseftirlitsins hins vegar.

Þá er mikilvægt að hafa í huga í þessu samhengi að Samkeppniseftirlitið gerði í athugasemdum sínum við frumdrög PFS að greiningu á markaði 15 ekki athugasemdir við framkvæmd þriggja skilyrða prófsins. Líta verður því svo á að Samkeppniseftirlitið sé sammála niðurstöðu PFS um að umræddur markaður stefni í átt að virkri samkeppni. Að niðurstöðu PFS fenginni kemur því til kasta Samkeppniseftirlitsins að tryggja að virk samkeppni fái áfram þrifist á umræddum markaði, m.a. með því að tryggja að netrekendur loki ekki fyrir aðgang að netum sínum, beint eða óbeint, með samræmdum hætti sem talist getur ólögmett samráð.

<p>Vodafone telur skorta rökstuðning fyrir því að PFS telur þróun til lækkunar á hlutdeild Símans haldi áfram og Síminn fari niður fyrir 40% á næstu 2-3 árum.</p>

Afstaða PFS

PFS byggir spá sína um frekari lækkun á hlutdeild Símans á þróun síðustu ára. Hlutdeild Símans hefur verið í nær stöðugri lækkun síðan samkeppni var innleidd á markaðnum. Hlutdeildin hefur lækkað hratt þegar nýjir aðilar hafa komið inn á markaðinn en þess á milli hefur hún lækkað hægar. PFS telur að gögn um óslitna lækkun undanfarin ár gefi sterkar vísbendingar um að hlutdeildin muni lækka áfram. Það þyrfti frekar sérstakan og aukinn rökstuðning ef halda ætti því fram að þessi þróun myndi stöðvast eða snúast við. Þar sem PFS býst ekki við nýjum netrekanda með umfangsmikið net inn á markaðinn í nánustu framtíð er síður gert ráð fyrir hraðri lækkun á næstu 2-3 árum, en hlutdeild mæld í fjölda notenda er komin mjög nálægt 40% og því er líklegt að hún fari niður fyrir það mark áður en langt um líður.

PFS hefur aflað nýrra talna um fjölda viðskiptavina, sbr. töflu 4.2. í frumdrögum og hefur hlutdeild Símans lækkað úr 41,1% í árslok 2010 niður í 40,3% um mitt ár 2011. Jafnframt lækkaði markaðshlutdeild Símans miðað við fjölda mínútna úr 40,9% í árslok 2010 í 39,1% um mitt ár 2011. PFS hefur uppfært umrædda tölfræði í viðauka A. Þessi þróun sýnir að PFS hefur spáð rétt fyrir um þróun mála frá því frumdrögin fóru í samráð í ágúst s.l., en þá hafði PFS ekki fengið markaðshlutdeildartölur fyrir fyrri helming ársins 2011 í hendur. PFS telur að þessi þróun haldi áfram á næstu 2-3 árum þótt það gerist ekki með sama hraða og síðustu ár. Markaðurinn er því smám saman að leita jafnvægis eftir árangursríka innkomu Nova á markaðinn í árslok 2007.

Vodafone bendir á að samkvæmt drögum að frumvarpi til breytinga á lögum um fjarskipti sé gert ráð fyrir skyldu PFS til þess að framkvæma markaðsgreiningar á 2-3 ára fresti. Skýtur því að mati Vodafone skökku við að PFS komist nú þegar óbeint að þeirri niðurstöðu að Síminn njóti ekki markaðsyferráða þar sem stofnunin telji líklegt að markaðshlutdeild Símans fari minnkandi á sama árabili.

Afstaða PFS

Í fyrsta lagi hlýtur vinna PFS við markaðsgreiningar að byggjast á gildandi lögum en ekki á frumvarpi sem ekki hefur enn orðið að lögum og verður væntanlega ekki fyrir en vorið 2012. Í öðru lagi ber PFS að horfa fram á við í greiningum sínum. Í því sambandi vísast til 20. mgr. leiðbeininga ESA um framkvæmd markaðsgreiningar, en þar segir m.a.:

„Við útfærslu markaðsgreiningar samkvæmt ákvæðum 16. gr. rammatilskipunarinnar skulu eftirlitsyfirvöld í EFTA-ríkjunum meta uppbyggingu viðkomandi markaðar með hliðsjón af framtíðarhorfum og á grundvelli ríkjandi markaðsaðstæðna. Eftirlitsyfirvöldum ber að ganga úr skugga um hvort líklegt sé að samkeppni nái að festast í sessi á markaðnum, og þar með hvort skortur á virkri samkeppni muni verða varanlegur, að teknu tilliti til væntanlegrar eða fyrrisjáanlegrar markaðsþróunar á hæfilega löngu tímabili.“

Það skilyrði sem PFS er að leggja mat á í kafla 4.4. er hvort markaðurinn stefni í átt að virkri samkeppni á næstu árum. Það er mat PFS að svo sé og því sé ekki rétt að bíða í 2-3 ár með afléttingu kvaða enda uppfyllir markaðurinn að mati PFS ekki lengur þau skilyrði sem þarf til að leggja megí á kvaðir.

Vodafone segir ekki hafa dregið saman með Símanum og Vodafone nema að litlu leyti þegar kemur að tekjum og mínútufjölda. Forskot og yfirburðir Símans á markaði hafa því haldist og hefur félagið enn rúmlega 50% af heildartekjum smásölumarkaðarins. Vodafone gagnrýnir að PFS líti til hlutdeildar miðað við fjölda viðskiptavina og mínútna og bendir á að í nýlegri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hafi þessum viðmiðum verið hafnað og byggt á hlutdeild í tekjum þess í stað.

Nova bendir á að í samkeppnisrétti sé hlutdeild jafnan ákvörðuð með hliðsjón af tekjum af viðkomandi þjónustu. Tekjuvelta og almennur efnahagslegur styrkleiki sé besti mælikvarðinn á getu fyrirtækja til aðgerða á markaði og úthalds þeim tengdum.

Afstaða PFS

Vodafone vísar þarna að öllum líkindum til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 30/2011 varðandi 3G lykla tilboð Símans. Í ákvörðuninni er vísað til eldri ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins og fjallað er um það af hverju kosið er að styðjast við hlutdeild mælda í tekjum af þjónustu. Samkeppniseftirlitið segir tekjuveltu og almennan efnahagslegan styrkleika líkleg til að vera helstu og bestu mælikvarða á getu hvers fyrirtækis til aðgerða á smásölumarkaði og mögulegs úthalds þeim tengdum. PFS telur að á heildsölumarkaði eins og markaði fyrir aðgang að farsímanetum eigi önnur sjónarmið við. Markaðssetningaraðgerðir og úthald í slíkum aðgerðum eru ekki ráðandi þáttur í að ná til sín viðskiptavinum í heildsölu á þessum markaði. PFS telur enn fremur erfitt að greina nákvæmlega tekjur á heildsölumarkaðnum þar sem stór hluti viðskiptanna er innri sala. Með því að skoða fjölda notenda á hverju neti fást áreiðanlegar og samanburðarhæfar tölur.

Í leiðbeiningum ESA er fjallað um viðmið varðandi markaðshlutdeild í málsgreinum 77 og 78. Í 77. mgr. kemur m.a. fram að bæði magntölur og sölutekjur geti komið að notum. Þegar um lausavörur er að ræða eru helst notaðar magntölur en þegar um sérvöru er að ræða (þ.e. vörumerkjavöru) endurspeglar sölutekjur og samsvarandi markaðshlutdeild oft betur hlutfallslega stöðu og styrk hvers fyrirtækis. PFS telur að heildsöluþjónusta eins og sú sem er til umfjöllunar í markaðsgreiningunni sé frekar í ætt við lausavöru en vörumerkjavöru.

Í 78. mgr. er sagt að það fari eftir eiginleikum viðkomandi markaðar hvaða viðmið ber að nota til að mæla markaðshlutdeild hlutaðeigandi fyrirtækja og að ákvörðun um hvaða viðmið henta best er í höndum eftirlitsyfirvalda í hverju ríki.

Aðrar eftirlitsstofnanir á EES svæðinu hafa notað jöfnum höndum hlutdeildartölur byggðar á fjölda viðskiptavina, umferð og tekjum við greiningar á markaði 15. Þetta kemur fram í *skýrslu ERG Report on Experiences with Market Definition, Market Analysis and Applied Remedies ERG (05) 51* bls. 52 til 53.

PFS bendir einnig á að Samkeppniseftirlitið gerði engar athugasemdir við matsaðferðir PFS og taldi greininguna vel unna og þjóna markmiðum sínum.

Símafélagið gagnrýnir að í greiningunni sé einungis horft til markaðshlutdeildar og styrks fyrirtækja á smásölumarkaði. Er raunar hvergi í drögum stofnunarinnar að finna nokkra tölfræði um þann heildsölumarkað sem stofnunin telur þó að til sé.

Afstaða PFS

PFS horfir ekki eingöngu til aðstæðna á smásölumarkaði þó óhjákvæmilegt sé að líta til hans að nokkru leyti. Þar sem fyrirtæki netrekenda starfa sjálf á smásölumarkaði þá eru innri „viðskipti“ milli smásölu og heildsölu hluti af þeim markaði sem er til greiningar. Ekki er eingöngu hægt að líta til heildsölu til annarra aðila. Hægt er að fá mynd af hlutdeild fyrirtækja á heildsölumarkaði með því að leggja saman fjölda viðskiptavina viðkomandi fyrirtækis og þeirra viðskiptavina sem eru hjá öðrum smásölufyrirtækjum á sama neti. Það sama á við um fjöldi mínútna í viðkomandi

netum. PFS fjallar um hvoru tveggja í greiningu sinni í viðauka A. Þau atriði sem PFS tekur til skoðunar í sambandi við aðgangshindranir og samkeppni á markaðnum einskorðast ekki við smásölumarkað nema helst samþætting eða breidd framboðs, en það er þáttur sem getur haft áhrif yfir á heildsölumarkað eins og gerð er grein fyrir.

Nova gerir athugasemdir við umfjöllun PFS þess efnis að ekki séu lengur löglíkur fyrir markaðsyferráðum Símanns þar sem hlutdeild sé komin niður fyrir 50%. Bent er á að í samkeppnisrétti er hlutdeild á bilinu 40-50% sterk vísbending um markaðsráðandi stöðu. Bent er á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 30/2011 þar sem Símann var talinn markaðsráðandi á öllum helstu undirmörkuðum fjarskipta þó að hlutdeild hans á þeim markaði sem málið varðaði væri undir 40%. Nova telur því ekki hægt að draga þá ályktun af umfjöllun PFS um þróun hlutdeildar Símanns að hún gefi til kynna virka samkeppni.

Afstaða PFS

PFS byggir niðurstöðu sína ekki eingöngu á þessari umfjöllun um löglíkur fyrir markaðsyferráðum. Það er hins vegar rétt að löglíkur eru aðeins fyrir hendi ef hlutdeild er yfir 50% og því er ljóst að minni líkur eru á markaðsyferráðum nú, heldur en á þeim tíma sem fyrri greining var gerð. Hlutdeild yfir 40% getur bent til markaðsyferráða, en þá þarf fleira að koma til. PFS bendir á að stofnunin hefur ekki undir höndum áþreifanlegar vísbendingar sem benda til þess að stöðug lækkun hlutdeildar Símanns stöðvist eða snúist við á næstu 2-3 árum, þótt líklegt sé að hægja muni á henni.

Með tilliti til einsleitrar þróunar hlutdeildar Símanns síðustu ár er ekki óvarlegt að gera ráð fyrir því að hún fari niður fyrir 40% á heildsölustigi á næstu 2-3 árum. PFS telur að umrædd ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hafi ekki fordæmisgildi gagnvart greiningu PFS á markaði 15. Markaður fyrir aðgang og upphaf símtala í farsímanetum er heildsölumarkaður, en markaðurinn sem var til umfjöllunar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var smásölumarkaður fyrir internetaðgang með netlyklum. Ljóst er að almennur efnahagslegur styrkleiki hefur mun meiri áhrif á markaðsstyrk á smásölumarkaði þar sem geta og úthald í markaðssetningaraðgerðum hefur mun meira vægi. Þar fyrir utan gerði Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við frumdrög PFS að markaðsgreiningu á markaði 15. Ekki er hægt að túlka það öðruvísi en svo að Samkeppniseftirlitið hafi verið sammála niðurstöðu PFS varðandi framkvæmd þriggja skilyrða prófsins.

Nova telur samninga Tals við Vodafone og Símann ekki vera vísbendingu um að samkeppni sé til staðar. Nova telur samning Tals við Símann vera einhvers konar hefndarráðstöfun vegna átaka milli eigenda Vodafone og annarra hluthafa í Tal.

Afstaða PFS

PFS telur ekkert komið fram sem styðji þá skoðun að deilur hluthafa hafi verið ástæðan fyrir samningi við Símann. Bent er á að Tal er ennþá í viðskiptum við Vodafone á ýmsum þjónustumörkuðum, m.a. á farsíamarkaðnum. Þá má geta þess að strax í desember 2008 gerði Tal endursölusamning við Símann varðandi

farsímaþjónustu, en þá var Tal í meirihlutaeigu Teymis sem einnig átti Vodafone. Sá samningur komst þó aldrei til framkvæmda, en hann sýnir þó að stjórnendur Tals hafa lengi velt fyrir sér þeim möguleika að leita hagstæðra heildsölusamninga við aðra en Vodafone. Tal gerði svo sýndarnettsamning við Símann í janúar 2010 og hóf rekstur sýndarnetsins í ágúst sama ár.

Vodafone telur að PFS byggi niðurstöðu sína um að markaðurinn stefni í átt að virkri samkeppni eingöngu á því að ekki séu lengur „löglíkur fyrir markaðsyferráðum Símans“. Vodafone segir aðra þætti sem PFS telur nauðsynlegt að kanna benda flestir til að samkeppni á markaðnum sé ekki væntanleg, t.d. verðþróun, yferráð yfir aðstöðu og breidd í þjónustuframboði, vaxtarhindranir og mögulega samkeppni.

Nova gerir einnig athugasemd við niðurstöðu PFS í ljósi fjölmargra neikvæðra einkenna á markaðnum sem fram koma í greiningunni.

Afstaða PFS

PFS telur eðlilegt að þróun markaðshlutdeildar hafi mest vægi þegar metið er hvort markaðurinn stefni í átt að samkeppni. Það er hefð fyrir því í öllum greiningum á samkeppnisstöðu að byrjað er á því að gera grein fyrir þróun markaðshlutdeildar og það er oftast hún sem hefur úrslitaáhrif varðandi niðurstöðuna. PFS telur að staða hlutdeildar Símans og keppinauta í dag og hin stöðuga lækkun hlutdeildar Símans sem orðið hefur síðustu ár sé skýr vísbending um að markaðurinn stefni í átt að virkri samkeppni.

PFS telur að aðrir þættir bendi ekki allir í aðra átt en hlutdeildartölurnar eins og Vodafone heldur fram. PFS telur þannig í greiningu sinni að þrátt fyrir að verð í almennri gjaldskrá fjarskiptafyrirtækja hafi ekki lækkað þá sé keppt í formi tilboða um frímínútur ofl. á smásölumarkaði og annars konar samningstilboða á heildsölumarkaði. Þá má segja að miðað við þá miklu verðbólgu sem geislað hefur á Íslandi síðastliðin ár þá hafi orðið raunverðslækkun á farsímaþjónstu. PFS telur enn fremur að hegðun aðila á markaðnum hafi breyst í þá átt að þeir eru nú fúsir til að semja um aðgang að netum sínum.

Vissulega eru yferráð yfir aðstöðu sem erfitt er að endurgera og breidd þjónustuframboðs atriði sem gera nýjum fyrirtækjum erfiðara fyrir að koma inn á markaðinn. Vöxtur er ekki talinn verða verulegur á markaðnum næstu 2-3 ár og innkoma nýrra netrekenda ekki talin líkleg. Þessi atriði eru þó ekki talin koma í veg fyrir að þeir netrekendur sem fyrir eru á markaðnum keppi sín á milli. Smásöluþjónustur sem njóta aðgangs hjá netrekendum hafa síðan möguleika á að byggja smám saman upp eigin aðstöðu, a.m.k. að einhverju leyti, sbr. fjárfestingar Tals og IMC í ákveðnum hlutum netkerfis. Samþjöppun á markaðnum er enn tiltölulega há. Hún hefur þó lækkað töluvert frá því sem var. Það er líklegt að samþjöppun á þessum markaði verði áfram í hærra lagi enda er ekki rekstrargrundvöllur fyrir mörg farsímanet á svo litlum markaði. Dæmi eru um að eftirlitsstofnanir á EES svæðinu hafi aflétt kvöðum af þessum markaði þrátt fyrir að samþjöppun hafi verið talsvert hærri en er hér á landi í dag.

Að öllu framangreindu virtu, sbr. einnig ítarlega umfjöllun um skilyrði 2 í þriggja skilyrða prófinu í viðauka A, er það mat PFS að ekki sé hægt að komast að annarri niðurstöðu en að viðkomandi markaður stefni í átt að virkri samkeppni og því uppfyllir hann ekki þriggja skilyrða prófið.

Vodafone telur rétt að hafa í huga athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA við markaðsgreiningu norska fjarskiptaeftirlitsins, Post- og teletilsynet (NPT), á sama markaði og hér er til umfjöllunar. Metur ESA það sem svo, líkt og NPT, að norski markaðurinn stefni ekki í átt að virkri samkeppni. Í því mati vegur þyngst að ómögulegt sé að geta sér til um hvort að aðgangssamningar að netum byggist á sanngirni, þ.e. hvort forsendur þeirra og sett skilyrði séu sanngjörn. Ekki verður séð að annað eigi við á Íslandi.

Afstaða PFS

PFS bendir á að markaðshlutdeild og þróun hennar undanfarin ár er með allt öðrum hætti í Noregi en á Íslandi. Í markaðsgreiningu NPT frá 5. ágúst 2010 er fjallað um markaðshlutdeild í kafla 4.2.3. Þar kemur fram að hlutdeild Telenor er út frá öllum mælikvörðum vel yfir 50%. Hlutdeild Telenor hefur lækkað mun hægar undanfarin ár heldur en hlutdeild Símanis og NPT telur að hlutdeildin muni ekki fara niður fyrir 50% á næstu 2-3 árum. Ef miðað er við fjölda viðskiptavina er hlutdeild netrekenda í Noregi 57%, 36% og 7%, en á Íslandi 43%, 36% og 21%. Samþjöppunarstuðullinn (HHI) í Noregi er 0,46 en á Íslandi er hann 0,35. Einnig verður að horfa til þess að í Noregi voru aðeins tvö landsdekkandi farsímanet og þriðja netið með litla útbreiðslu, en á Íslandi eru nú tvö landsdekkandi farsímanet og það þriðja nær til tæplega 90% landsmanna. Staðan á þessum tveimur mörkuðum er því ólík og ekki hægt að yfirfæra niðurstöðu NPT á íslenska markaðinn.

Vodafone bendir á að í dag sé ljóst að ekki verður úr samruna Vodafone og Tals. Mun því ekki draga saman með Símanum og Vodafone líkt og getið er í málsgrein 113 í frumdrögunum vegna samrunans. Þá ríkir nokkur óvissa um hvernig framtíðarviðskiptum Tals verður háttað en félagið er nú með sýndarnetssamning við Símann og Vodafone. Engu að síður er ljóst að verulegur hluti umferðar Tals fer nú um kerfi Símanis eða allt að [...]%.
[...]

Afstaða PFS

Hlutdeildartölur í greiningu PFS gera ekki ráð fyrir að Tal sameinist Vodafone. PFS telur tölurnar eins og þær eru í dag gefa nægilega vísbendingu um að markaðurinn stefni í átt að virkri samkeppni og sú staðreynd að samruni Tals og Vodafone var ekki heimilaður breytir því ekki. Í raun er líklegt að áframhaldandi sjálfstæði Tals verði frekar til að viðhalda samkeppni á markaðnum.

Símafélagið segir það mega ljóst vera að sá vísir að heildsölumarkaði sem fyrir hendi er hafi alfarið orðið til í skjóli þeirra kvaða sem lagðar voru á með ákvörðun stofnunarinnar í máli nr. 4/2007. Að mati Símafélagsins ehf. er ljóst að án þessara kvaða væri enginn markaður fyrir heildsöluáðgang að farsímanetum til staðar á

Íslandi í dag og aðgangur að smásölumarkaði fyrir farsímaþjónustu því lokaður öllum þeim sem ekki gætu komið sér upp eigin dreifikerfi fyrir slíka þjónustu. Fyrir liggur að lítil sem engin samkeppni er á heildsölumarkaði sem stendur enda byggjast nær allir samningar á þeim markaði á kvöðum sem lagðar voru á Símann. Verði þessum kvöðum aflétt nú er ljóst að samkeppni mun enn minnka og sá litli markaður sem til er orðinn jafnvel leggjast af með öllu á ný. Ekki er hægt að leggja til grundvallar að takmörkuð samkeppni um viðskipti Tals leiði til virkrar samkeppni almennt enda hafa seljendur á heildsölumarkaði engan hag af því að bjóða öðrum aðilum sambærileg kjör og Tali og afar ólíklegt að slík kjör verði í boði verði kvöð um jafnræði aflétt.

Tal telur einnig ljóst að heildsölumarkaður hefði aldrei orðið til án inngrípa PFS. Tal telur sjálfstæða þjónustuaðila ekki hafa náð nægum markaðsstyrk til að hafa veruleg áhrif á markaðinn. Markaðshlutdeild þeirra er aðeins um [5-10]% sem gefi ekki til kynna að kaupendastyrkur sé til staðar. Með hliðsjón af því telur Tal ekki tímabært að aflétta kvöðum. Tal telur verulega hættu á að það dragi úr samkeppni ef engar kvaðir verði á Símanum. Komi upp sú staða að aðgangur verði ekki í boði eða skilmálar verði ósanngjarnir sé ekki hægt að treysta á samkeppnisreglur og PFS verði að tryggja að stofnunin geti brugðist hratt og örugglega við ef upp koma vandamál tengd aðgangi að farsímanetum.

Afstaða PFS

PFS telur að þegar heildsölumarkaður er einu sinni orðinn til sé líklegt að heildsölufyrirtækin haldi áfram að keppa um viðskipti smásölufyrirtækja, en a.m.k. eitt þeirra er með töluverðan fjölda viðskiptavina sem gerir heildsöluviðskipti við það eftirsóknarverð. Hlutdeild Tals hefur verið [5-10]% og hefur sýnt sig að það skapar fyrirtækinu nokkurn kaupendastyrk. Tal hefur náð samningum við fleiri en einn netrekanda. Síminn er eina fyrirtækið sem ber kvaðir á þessum markaði en fleiri fyrirtæki hafa gert samninga um aðgang og samnýtingu á netum. PFS telur að hegðun heildsölufyrirtækja hafi sýnt það undanfarin misseri að þau eru reiðubúin til að ganga lengra en kvaðir segja til um við gerð aðgangssamninga. Jafnframt þarf að hafa í huga þann hag sem farsímanetrekendur hafa af því að nýta umfram afkastagetu sem er í kerfum þeirra með því að bjóða upp á heildsöluviðskipti við þjónustuveitendur.

Ef heildsölufyrirtæki ætluðu síðar að bola smásölufyrirtækjum út af markaðnum þyrfti nánast samstilltar aðgerðir til þess og ef sú staða kæmi upp væri hægt að grípa inn í með aðgerðum af hálfu PFS eða Samkeppniseftirlitsins eftir atvikum. PFS telur engar vísbendingar séu uppi í dag um að sú staða sé líkleg til að koma upp.

Tal er ekki sammála því að fleiri fyrirtækjum en Símanum og Vodafone sé mögulegt að selja heildsöluáðgang að netum sínum. Nova og IMC geti það ekki vegna þess að þau treysti á aðgang að farsímaneti annarra fyrirtækja og að samningsskilmálar gyrði fyrir að hægt sé að endurselja þann aðgang í heildsölu.

Afstaða PFS

PFS telur ekki hægt að útiloka að aðrir en Síminn og Vodafone geti veitt aðgang að netum sínum, enda eru nú þegar til dæmi um það. Eins og fram kemur í greiningunni þá veitir Nova Vodafone aðgang að 3G sendum sínum og IMC hefur gert

endursölusamning við Símafélagið með samþykki Símans. Nova nær til stórs hluta landsmanna með neti sínu og það er ekki óhugsandi að fyrirtæki hefði áhuga á að kaupa heildsöluaðgang að neti Nova annað hvort með eða án reikis yfir í önnur net. Þá er heldur ekki óhugsandi að Nova byggi net sitt frekar upp í framtíðinni til vera síður upp á aðra netrekendur komið varðandi reiki.

Nova telur að Síminn sé ekki líklegur til að gera samninga við önnur fyrirtæki en þau sem ógna Símanum lítið á smásöluviði en kynnu að vera líklegri til að ógna keppinautum Símans. Nova telur nýtt viðmiðunartilboð til marks um þetta, en þar sé leitast við að mynda sem öflugust netáhrif gegn keppinautum.

Afstaða PFS

Þau fyrirtæki sem ógna Símanum mest á smásöluviði eru væntanlega þau sem eru með hæstu hlutdeildina. Þetta eru Nova og Vodafone. Þar sem þau reka bæði sín eigin net er ekki líklegt að á það reyni hversu viljugur Síminn er að gera við þau aðgangssamninga. Fyrirtæki eins og Tal sem eru með [5-10]% hlutdeild er ekkert síður ógn við smásölu Símans en smásölu keppinautana. Breytt viðmiðunartilboð Símans getur haft áhrif á lúkningarmarkaðinn og er PFS með það til athugunar í sérstöku máli sem ætti að ljúka snemma árs 2012. Hins vegar telur PFS breytinguna ekki til marks um það að Síminn hafi ekki vilja til að bjóða aðgang að neti sínu.

Nova bendir á að viðmiðunartilboð Símans nái ekki til 3G þjónustu, en samt sem áður hafi Síminn veitt IMC og Tal aðgang að 3G sendum sínum. Nova skorar á PFS að kalla eftir upplýsingum um viðræður Nova og Símans um aðgang að 3G sendum Símans í dreifbýli. Nova telur einsýnt að ekki verði möguleiki fyrir félagið að fá aðgang að 3G sendum Símans í dreifbýli gegn ásættanlegu gjaldi. Nova segir mikilvægt að hafa í huga að stór hluti 3G kerfis Símans sé byggður fyrir fé úr Fjarskiptasjóði. Nova gagnrýnir greiðslur fyrir verkefnið og að slakað hafi verið á gæða- og hraðakröfum útboðsins. Nova heldur því fram að svo virðist sem Síminn hafi nýtt útboðsgreiðslur til almennrar uppbyggingar á 3G dreifikerfi á landsbyggðinni, en aðeins að litlum hluta til uppbyggingar þeirra fáu langdrægu senda sem voru hluti af útboðinu.

Afstaða PFS

Það er rétt að samkvæmt skilgreiningum í viðmiðunartilboðum Símans ná þau aðeins til GSM þjónustu. Þeir aðilar sem samið hafa um aðgang að neti Símans hafa þó einnig fengið aðgang að 3G sendum.

Þó að Nova og Síminn hafi enn ekki náð samkomulagi um verð fyrir reiki á 3G sendum í dreifbýli þarf það ekki að vera vísbending um að Síminn vilji ekki veita aðgang, enda hefur hann samið við aðra aðila án vandkvæða. PFS kallaði í upphafi greiningarvinnunar eftir upplýsingum frá markaðsaðilum. Þegar drög að greiningunni voru birt til umsagnar gafst markaðsaðilum aftur kostur á að koma sjónarmiðum sínum og viðbótarupplýsingum á framfæri. Það horfir nokkuð einkennilega við að Nova skuli nú skora á PFS að kalla eftir upplýsingum um viðræður félagsins sjálfs við Símann um aðgang að 3G dreifikerfi hins síðarnefnda. Ef félagið telur sig búa yfir

einhverjum upplýsingum sem áhrif gætu haft á greininguna þá átti það að leggja þær fram með svari sínu. Nova hefur með bréfi dags. 19. október 2011 sent PFS viðbótarathugasemdir varðandi markaðsgreininguna, en í því bréfi er ekki að finna neinar upplýsingar um viðkomandi viðræður. PFS hafnar því að framkvæma sérstaka rannsókn á þessu atriði sem Nova var í lófa lagið að upplýsa um ef á annað borð er um að ræða einhverjar markverðar upplýsingar.

PFS telur markaðsgreininguna ekki rétta vettvanginn til þess að fjalla um gagnrýni á framkvæmd útboðs Fjarskiptasjóðs, sem hýstur er hjá Innanríkisráðuneytinu, enda telur PFS útboðið ekki hafa afgerandi áhrif á markaðsstyrk Símans á þeim markaði sem hér er til umfjöllunar.

Síminn leggur áherslu á að samkeppni sé þegar orðin virk og því beri að fella kvaðir strax niður. Síminn telur að þegar lítið er til þeirrar hreyfingar sem er á viðskiptavinum, markaðsherferða fjarskiptafyrirtækja og áherslu sem þau öll leggja á að fá viðskiptavinum til sín í viðskipti þá dyljist engum að samkeppni er mun virkari á farsímamarkaði en á mörgum öðrum mörkuðum á Íslandi. Varðandi samkeppni á heildsölustigi bendir Síminn á fullyrðingar Vodafone um að dreifikerfi þess sé það stærsta á Íslandi. Síminn heldur því fram að þegar til er annað net sem getur veitt sömu þjónustu sé óheimilt að leggja á kvaðir. Í því sambandi vísar Síminn til fræðimanna, 2. mgr. 12. gr. aðgangstilskipunarinnar 2002/19/EB, ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar varðandi álagningu kvaða í Finnlandi og ákvarðana eftirlitsstofnana í Svíþjóð og Lúxemborg. Þetta telur Síminn leiða til þess að PFS verði að endurskoða afstöðu sínu um að viðhalda kvöðum. Síminn bendir einnig á umfram afkastagetu í kerfi Vodafone. Síminn segir að þrátt fyrir fjölgun áskrifta og númera í notkun á árunum 2008-2010 þá hafi hlutdeild Símans lækkað á sama tíma um 10 prósentustig. Síminn telur að lækkun veltu á farsímamarkaðnum þrátt fyrir fjölgun áskrifta sé merki um harðnandi samkeppni. Síminn telur að þegar lítið er til þeirra þjónustuleiða sem eru í boði þá hafi verðlagning farsímaþjónustu lækkað. Síminn bendir á að ekki er lengur mikill munur á stærð viðskiptavinahóps Símans, Vodafone og Nova og Síminn njóti því ekki lengur góðs af þessum stærðarmun. Síminn mótmælir því að netrekendur vilji reka smásölu án mikillar samkeppni og segir PFS ekki vísa til neinna rannsókna eða staðreynda hvað þetta varðar. Síminn mótmælir því einnig að erfiðlega hafi gengið að fá Símann til að birta viðmiðunartilboð. Síminn segir hegðun sína á markaðnum síðustu misseri vera sönnun þess að samkeppni sé virk. Síminn telur vöruaðgreiningu og samþættingu ekki hafa áhrif á markaðsstyrk á umræddum heildsölumarkaði. Síminn heldur því fram að frekari vöxtur á markaðnum sé ekki útilokaður og ekki sé hægt að fullyrða um hvort nýjir aðilar telji skynsamlegt að koma inn á markaðinn. Samt sem áður tekur Síminn fram að vegna eðlis íslenska markaðarins myndi það leiða til óskilvirkni ef keppinautar væru það margir að HHI stuðullinn sýndi ekki mikla samþjöppun.

Afstaða PFS

PFS getur tekið undir sumt af því sem Síminn segir um samkeppni á markaðnum. PFS er hins vegar ekki sannfærð um að samkeppni sé eins virk og Síminn lýsir, en telur þó víst að markaðurinn stefni í átt að virkri samkeppni. Þessi stigsmunur á afstöðu til samkeppni á markaðnum hefur þó ekki úrslitaáhrif varðandi kvaðir. PFS hefur ekki í hyggju að viðhalda kvöðum eins og Síminn heldur fram, heldur hyggst stofnunin fella

þær niður. PFS telur hins vegar þörf á aðlögunartíma, enda tíðkast slíkt fyrirkomulag þegar kvaðir eru felldar niður.

Varðandi tilvísun Símans til ákvörðunar varðandi kvaðir á markaði 15 í Finnlandi FI/2004/0082 ber að hafa í huga að á þeim tíma voru þrjú landsdekkandi net í Finnlandi og fleiri en tíu endursölu- og sýndarnetsfyrirtæki. Samkeppni var því mun meiri í Finnlandi en hér á landi þrátt fyrir háa markaðshlutdeild TeliaSonera. Sama á við í Svíþjóð sem Síminn vísar einnig til. Hins vegar er staðan hér á landi að einhverju leyti hliðstæð stöðunni í Luxemborg þar sem ákveðið var árið 2006 að leggja ekki á kvaðir.

PFS er ekki sammála því að tilvist tveggja landsdekkandi neta þurfi í öllum tilvikum að þýða að óheimilt sé að leggja á kvaðir. Þörf á kvöðum er metin með tilliti til aðstæðna á markaði og alhliða markaðsstyrks en ekki eingöngu út frá þeirri aðstöðu sem fjarskiptafyrirtæki hafa komið sér upp.

Frekari vangaveltur um hvort heimilt sé að viðhalda kvöðum miðað við núverandi samkeppni á markaðnum hafa litla þýðingu í þessu máli þar sem PFS hefur, eins og áður segir, ekki í hyggju að viðhalda kvöðunum, heldur fella þær niður að liðnum eðlilegum aðlögunartíma.

5 Aflétting kvaða

Nova telur að það skapi ógn við farsímamarkaðinn ef kvaðir verða felldar niður. Slíkt myndi styrkja yfirburðastöðu Símans, enda hafi markaðurinn ekki í reynd sýnt nein merki um virka samkeppni. Nova telur að ný viðmiðunartilboð Símans og mismunun varðandi aðgang að 3G dreifikerfi í dreifbýli sýni óeðlilega háttsemi. Í bréfi sínu dags. 19. október 2011 gerir Nova að umtalsefni frétt á heimasíðu Skipta móðurfélags Símans. Í nefndri frétt segir að Skipti hafi horfið frá útrásarverkefnum og einblíni nú á íslenska markaðinn. Ennfremur segir þar að yfirlýsingar PFS um aukið jafnvægi á markaðnum gefi fyrirheit um að sækja megi fram í auknum mæli.

Afstaða PFS

PFS vísar til þess sem segir að ofan um það að stofnunin telur ekki vísbendingar um að eðlilegir aðgangssamningar verði ekki í boði áfram þó kvöðum verði aflétt. PFS hefur að sjálfsögðu ekki gefið nein fyrirheit um að kvöðum verði aflétt og því síður um að Síminn geti sótt fram á mörkuðum í meira mæli, enda fellur mat á lögmæti markaðsaðgerða að öllu jöfnu frekar undir Samkeppniseftirlitið. Að mati PFS er efni þessarar fréttar helst til marks um það að Skiptasamstæðan hefur ekki sama efnahagslega styrkleika og hún hafði áður. Fréttin fjallar fyrst og fremst um hagræðingar og sparnaðaraðgerðir og bendir eindregið til þess að dregið hafi úr styrk samstæðunnar. Það að samstæðan ætli að fjárfesta frekar í uppbyggingu fjarskiptaneta hér á landi þarf ekki að hafa slæm áhrif á samkeppni, enda segir það ekkert um að ekki verði veittur heildsöluaðgangur að þessum netum.

PFS mun að sjálfsögðu fylgjast náið með þróun mála á markaðnum eftir að kvöðum verður aflétt. Komi upp alvarleg samkeppnisvandamál sem ekki verða auðveldlega leyst með almennum samkeppnisreglum, þá hefur PFS möguleika á að grípa inn í með

nýrri greiningu og ákvörðun, jafnvel að undangenginni bráðabirgðaákvörðun eftir atvikum.

Síminn telur óhjákvæmilegt að fella kvaðir niður þegar í stað þar sem virk samkeppni sé til staðar. Síminn telur kvaðirnar skapa Vodafone forskot í samkeppni. Síminn segir að fullnægjandi rökstuðning skorti fyrir því að viðhalda kvöðum í heilt ár. Síminn bendir á að kvaðirnar hafi nú hvílt á Símanum í tæp fimm ár sem sé nánast helmingi lengra tímabil en almennt er áskilið um gildistíma markaðsgreininga og tilheyrandi ákvarðana. Síminn telur að PFS hafi þegar tilkynnt um afnám kvaða með því að birta frumdrög til samráðs þann 30. ágúst sl. Síminn segir að hvorugur þeirra aðgangssamninga sem gerðir voru að einhverju leyti vegna kvaða (við IMC og Tal) renni út á næstu 12 mánuðum og að Síminn muni standa við þá samninga fyrir sitt leyti. Síminn telur því aðlögunartíma óþarfan. Síminn vísar til meðalhófsreglu 12. gr. stjórnisýslulaga og telur aðlögunartímann brot á því ákvæði þar sem hægt sé að ná markmiðinu með öðrum og vægari hætti. Síminn bendir á að í ákvörðun dönsku eftirlitsstofnunarinnar var kvöð um bókhaldslegan aðskilnað felld niður strax með vísan til meðalhófsreglu á meðan aðrar kvaðir voru láttnar standa í sex mánuði. Síminn bendir á að PFS byggi á svörum við spurningalistum sem sendi voru út árið 2009, en síðan hafi samkeppni aukist. Síminn gerir athugasemd við það að aðlögunartími sé ákveðinn með vísan til atvika sem ekki er víst að komi upp.

Afstaða PFS

Eins og PFS gerði grein fyrir í frumdrögunum er eðlilegt og skylt að gefa þeim aðilum sem ákvörðunin hefur áhrif á, hæfilegan aðlögunartíma, enda getur brottfall kvaða kallað á ýmis konar aðgerðir af hálfu þeirra aðila sem eru með samninga um aðgang að neti Símans.

Varðandi þann tíma sem kvaðir hafa gilt bendir PFS á að þrátt fyrir að þær hafi gilt í tæp 5 ár þá hafa þær ekki verið að fullu virkar allan þann tíma, enda var viðmiðunartilboð Símans ekki talið viðunandi fyrr en 26. nóvember 2009⁵ og kostnaðargreining Símans var samþykkt af PFS 16. apríl 2010.⁶ Fyrstu samningar Símans um sýndarnets og endursöluaðgang voru ekki gerðir fyrr en um áramótin 2009/2010. Það er því ekki hægt að segja að umræddar kvaðir hafi verið í fullri virkni í 5 ár. Hvað sem því líður þá ræðst þörf fyrir aðlögunartíma ekki endilega af því hversu lengi kvaðir hafa gilt. Þá er fremur ólíklegt að markaðsgreining sem framkvæmd hefði verið á árinu 2009 hefði leitt í ljós að markaðurinn stefndi í átt að virkri samkeppni. PFS hóf umrædda markaðsgreiningu á árinu 2010 og þá var staðan að þessu leyti mjög tvísýn. Þróunin síðan hefur hins vegar öll verið á einn veg, þ.e. í átt að virkri samkeppni. Ljóst er því að staða Símans gæti verið verri m.t.t. kvaða ef PFS hefði tekið ákvörðun á árunum 2009 eða 2010 í annarri umferð markaðsgreiningar á viðkomandi markaði.

PFS telur skylt að veita hæfilegan aðlögunarfrest með vísan til 6. mgr. 9. gr. reglugerðar um markaðsgreiningar nr. 741/2009 þar sem segir:

⁵ Ákvarðanir PFS nr. 19/2009 og nr. 20/2009.

⁶ Ákvörðun PFS nr. 8/2010.

Taki Póst- og fjarskiptastofnun ákvörðun um að fella niður kvaðir sem verið hafa í gildi, skal það tilkynnt þeim sem ákvörðunin hefur áhrif á með hæfilegum fyrirvara áður en viðkomandi ákvörðun kemur til framkvæmdar.

PFS vísar einnig til þess að í 3. mgr. 16. gr. rammatilskipunarinnar 2002/21/EB og í skýringum með tilmælum framkvæmdastjórnar ESB frá 2007 kemur fram að þegar kvaðir eru felldar niður skal gefa þeim aðilum sem ákvörðunin hefur áhrif á hæfilegan tíma til aðlögunar. PFS telur eðlilegt og skylt að fylgja þessari reglu.

Aðlögunartímamann verður að telja frá gildistöku ákvörðunar, en ekki frá birtingu frumdraga greiningar, enda er ekki ljóst hver niðurstaðan verður fyrir en að loknu samráði við hagsmunaaðila, Samkeppniseftirlitið og ESA.

PFS hyggst ekki taka ákvörðun um að viðhalda kvöðum, heldur þvert á móti að fella þær niður. Aðlögunartími áður en ákvörðunin kemur til framkvæmdar er í fullu samræmi við lög um fjarskipti, reglugerð um markaðsgreiningu og skuldbindingar skv. EES samningnum. Þessi tilhögun er einnig í samræmi við framkvæmd annarra eftirlitsstofnana á EES svæðinu.

Þegar danska fjarskiptaeftirlitsstofnunin aflétti kvöðum af þessum markaði árið 2009 var það gert með sex mánaða aðlögunartíma. (Ákvarðanir IT- & Telestyrelsen 30. mars 2009), en kvöð um bókhaldslegan aðskilnað var felld niður strax, eins og Síminn bendir réttilega á.

Í ákvörðun um breiðbandsmarkaðinn í Bretlandi árið 2008 ákvað OFCOM að láta kvöð um aðgang gilda áfram í 12 mánuði en aðrar kvaðir voru felldar niður strax. Á sama markaði í Portúgal og Hollandi var hluti kvaða látinn gilda áfram í 6 og 9 mánuði. Í ákvörðun um smásölumarkað fyrir talsímaþjónustu til fyrirtækja í desember 2008 ákvað Eftirlitsstofnunin í Hollandi að hafa eins árs aðlögunartíma varðandi niðurfellingu kvaða.⁷

Samtök fjarskiptaftirlitsstofnana í Evrópu ERG (nú BEREC) gáfu út skjal árið 2009 um umskipti frá sértækum reglum yfir í almennar samkeppnisreglur á fjarskiptamörkuðum. Þar segir m.a. að tilgangur aðlögunartímabils sé að gefa markaðsaðilum tíma til að aðlagast nýju fyrirkomulagi á markaðnum. Einnig gefur aðlögunartími eftirlitsstofnun færi á að fylgjast með fyrstu áhrifum ákvörðunar um afléttingu kvaða og meta með hliðsjón af hegðun markaðsaðila á aðlögunartímabilinu hvort áhrif afléttingar kvaða eru eins og gert var ráð fyrir þegar ákvörðunin var tekin. Verði áhrifin önnur en búist var við getur verið ástæða til að endurskoða ákvörðun um afléttingu kvaða.⁸

Í skjali ERG er ennfremur fjallað um að aðilar sem fengu aðgang á grundvelli kvaða geta þurft tíma til að aðlaga samninga sína nýju umhverfi eða skipta um heildsöluaðila.

⁷ Sjá ERG Report on Transition from sector-specific regulation to competition law, ERG (09) 40, bls. 14-15.

⁸ Sjá ERG Report on Transition from sector-specific regulation to competition law, ERG (09) 40 bls. 11-12

ERG telur að það sé vanalega ekki við hæfi að hafa aðlögunartíma jafn langan og venjulegan gildistíma greininga og að til greina komi að sleppa aðlögunartíma ef kvaðir hafa engin áhrif haft á önnur fjarskiptafyrirtæki eða þegar kvaðir eru vægar. Í sumum tilvikum megi búast við að umskiptin yfir í kvaðalausan markað verði sérstaklega erfið og að deilumál verði óumflýjanleg. Taka þurfi mið af því við ákvörðun um aðlögunartíma. Ef áhrif kvaða voru aðeins óbein, t.d. þar sem aðgangskvöð var ekki lögð á getur aðlögunartími almennt verið stuttur.

PFS mótmælir því að greiningin sé byggð á gögnum frá 2009. Upplýsingar í greiningunni hafa verið uppfærðar reglulega á meðan á vinnslu hennar hefur staðið. Byggja drögin nú á tölfræðigögnum frá miðju ári 2011. PFS metur stöðuna svo nú að markaðurinn stefni í átt að virkri samkeppni, en ekki þannig að samkeppni sé svo virk að engin þörf sé á aðlögunartíma. Þrátt fyrir að samkeppni væri metin mjög virk gæti samt sem áður verið þörf á einhverjum aðlögunartíma. Þó að smásöluaðilar gætu gengið að mörgum kostum vísun í heildsölu er ekki þar með sagt að þeir þurfi ekki tíma til aðlögunar ef þeir þurfa eða kjósa að skipta um heildsöluaðila.

PFS telur það ekki koma í veg fyrir réttmæti aðlögunartímabils að PFS geti ekki slegið því föstu eða sannað að vandamál komi upp í kjölfar afléttingar kvaða. PFS telur nóg að ákveðnar líkur séu á að atvik komi upp sem kalli á aðlögunartíma. PFS telur mögulegt að vandamál komi upp og vill leitast við að fyrirbyggja skaðlegar afleiðingar þeirra með þessari tilhögun.

PFS telur að gildandi kvaðir hafi umtalsverð áhrif á markaðsaðila og þá sér í lagi þá sem hafa samið við Símann um aðgang. PFS telur að ýmsir erfiðleikar og deilumál geti komið upp og að full ástæða sé til að fylgjast með hegðun netrekenda í kjölfar ákvörðunar um afléttingu kvaða.

PFS er kunnugt um að ákvæði eru í aðgangssamningum Símans þar sem gerðir eru fyrirvarar varðandi gildandi lög og stjórnvaldsákvæðanir. Þrátt fyrir að Síminn bendi á að gildistími samninganna nái fram yfir fyrirhugaðan 12 mánaða aðlögunartíma og að Síminn segist virða þá samninga sem gerðir hafa verið, þá er ekki útilokað í ljósi fyrrnefndra samningsákvæða að reynt geti á slit þessara samninga á aðlögunartímanum.

PFS telur fulla þörf á því að tryggja að aðgangur verði í boði á grundvelli gildandi kvaða í 12 mánuði á meðan markaðsaðilar eru að aðlagast nýjum aðstæðum. Hins vegar getur PFS fallist á að með hliðsjón af meðalhófsreglunni megi stytta þann tíma sem aðrar kvaðir halda gildi sínu.

PFS hefur því í hyggju að fella niður kvaðir á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum með þeim hætti að kvöð um veitingu aðgangs falli niður að 12 mánuðum liðnum frá birtingu ákvörðunar, en aðrar kvaðir á þessum markaði falli niður eftir 6 mánuði frá birtingu ákvörðunar.

PFS vill taka fram að með þessari afléttingu kvaða er ekki verið að aflétta alfarið kvöð um bókhaldslegan aðskilnað á farsímasviði Símans, því slík kvöð gildir áfram á grundvelli ákvörðunar um markað 7.